

# Svífðu litla, létta blað ...

3. tbl., 4. árg., apríl 2015, skóladeild Akureyrnar

## Samtal um samfélag - mitt, þitt eða okkar?

Málþing með þessari yfirskrift var haldið í Menningarhúsinu Gerðubergi föstudaginn 20. mars s.l. Það var samstarfsverkefni Rannsóknarstofu í fjölmenningsfræðum við Menntavísindasvið HÍ, Menntun núna verkefnisins í Breiðholti og Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og HA studdu einnig málþingið. Í þessum „fróðleiksmola“ ætla ég að segja örstutt frá því helsta sem þar kom fram.



Fróðleiksmoli

Þórir Jónsson Hraundal frá Sagnfræðistofnun HÍ ræddi um fordóma og ábyrgð okkar allra á þeirri orðræðu sem hæst fer í samfélaginu. Hann sagði fordóma oft ávöxt fáfræði, þeir gætu átt rætur djúpt í sögu þjóða og allir kannast við staðalímyndir hópa eða jafnvel heilla þjóða. Sem dæmi um það nefndi Þórir að hann hefði tekið þátt í ráðstefnu erlendis þar sem sagt var að það sem einkenndi Íslendinga væri að þeir tryðu allir á álfa, huldufólk og tröll.

Síðan ræddi Þórir um samskipti kristinna og múslima og rakti söguna allt frá uppgangi islam á 7. öld en allt frá þeim tíma hafa samskipti þessarra trúarhópa verið erfið.

Orðræða stjórnvalda og fjölmiðla hefur gífurleg áhrif og öll berum við ábyrgð sem einstaklingar á því að vanda orðalag, vera málefnaleg, skoða sögulegar staðreyndir og dæma ekki heild út frá fáum einstaklingum. Umhugsunarvert innlegg frá Þóri!

Anna Wojtynska, mannfræðingur, ræddi um samþættingu á íslenskum vinnumarkaði.

Á mjög stuttum tíma hafa miklar breytingar orðið hér og fór tala erlends vinnuafis upp í 24.000 manns á örfáum árum og varð um 10% af heildarvinnuafli landsins. Eftir hrun varð atvinnuleysi meðal innflytjenda enn meira en meðal Íslendinga. Í könnun sem gerð var meðal erlendra ríkisborgara á Íslandi árið 2011 kemur fram að oft er erfitt að fá vinnu.

Ástæðurnar eru ýmsar:

- \* 274 töldu litla íslenskukunnáttu vera orsök atvinnuleysis
- \* 237 töldu atvinnuveitendur ekki hafa áhuga á að ráða erlent vinnuafli
- \* 158 töldu sig ekki hafa nógu góð tengsl í íslensku samfélagi til að fá vinnu

Á meðan straumur innflytjenda hefur verið til landa vestur Evrópu í áratugi höfum við þá reynslu aðeins í skamman tíma og erum enn að laga okkur að nýjum tímum þar sem einsleitni þjóðfélaga er á mikli undanhaldi.

## Fjölmenningarstarf Borgarbókasafnsins

Kristín R. Vilhjálmisdóttir, verkefnastjóri sagði frá fjölbreyttu starfi Borgarbókasafnsins. Hún hefur skipulagt *Fljúgandi teppi*-menningarmót í leik- grunn- og framhaldsskólum. Þar er áhersla á að nemendur kynni menningu sína, fjölskyldu sinnar eða áhugamál. Það þarf ekki að vera menning þjóðar, heldur það sem skiptir mestu máli fyrir hvern og einn.

Menningarmót er skemmtileg kennsluáðferð og tilbreyting í skólastarfi þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk eru bæði þátttakendur og áhorfendur.

Nánari upplýsingar um þessa leið:

<http://borgarbokasafn.is/is/content/menningarm%C3%B3t>



### Heimurinn er hér

Fjölmenning í Reykjavík

Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Reykjavík er með í verkefninu *Fjölmenningarborgir* (intercultural cities) sem rekið er af Evrópuráðinu. Verkefnið styður borgir í að endurskoða stefnumótun út frá sjónarhorni fjölmenningar. Þátttökurétt hafa borgir með minnst 30 þúsund íbúa og þurfa minnst 5% þeirra að vera af erlendum uppruna. Hlutfall íbúa Reykjavíkur með erlent ríkisfang var 8,1% í ársloks 2013.

### Ábyrgð okkar allra

Ég sagði aðeins frá skipulagi á mínu starfi, kennslu, gagnabanka á vef og samvinnu við nemendur, kennara og foreldra. Ég veit ekki um annað sveitarfélag þar sem „færanlegar kennslustundir“ á milli skóla eru hluti af starfi kennsluráðgjafa og þykir fólki það yfirleitt spennandi leið.

Ég ræddi einnig um móttökudeildir, kosti þeirra og galla og sagði fá góðu starfi kennara á Akureyri með erlendum nemendum.

Óttarr Proppé og Susan Rafik Hama drógu saman umræðupunkta í lokin. Óttarr ræddi þá m.a. um sjálfsmynd okkar, bæði sem einstaklinga og sem hluta af samfélagi eða ólíkum hópum af ýmsu tagi, s.s. samstarfsmanna, félaga, trúarhóps, skólafélaga eða þjóðfélags. Við leikum ólík hlutverk eftir því hvar við erum og með hverjum og fólki lítur okkur ólíkum augum, eftir því hvaðan það þekkir okkur.

Susan tók upp þráðinn frá umfjöllun Þóris um fordóma og fáfræði og benti á nauðsyn þess að ræða mál sem sneru að fjölmenningu, t.d. um ólík trúarbrögð. Þannig stuðlum við öll að betri þekkingu og skilningi á milli ólíkra hópa og einstaklinga. **Ábyrgðin er okkar allra!**



Með bestu kveðjum,

Helga